

Margrét Aðalheiður Markúsdóttir

Viðhorf ungmenna til mannréttinda innflytjenda og móttöku flóttamanna

Heiti rannsókna

Borgaravitund í fjölmenningsarsamfélagi:

Viðhorf ungmenna til mannréttinda
innflytjenda og móttöku flóttamanna

Hluti af rannsókninni „Borgaravitund ungs fólks
í lýðræðisþjóðfélagi“

Á vegum rannsóknasetursins Lífshættir barna
og ungmenna, undir stjórn Sigrúnar
Aðalbjarnardóttur prófessors

Þátttakendur og framkvæmd

- Haustið 2009 voru spurningarlistar lagðir fyrir 1042 ungmenni á aldrinum 14 og 18 ára
- Haustið 2010 voru hálfopin viðtöl tekin við 19 þessara ungmenna, þá 15 og 19 ára

Hvað þýðir innflytjandi?



Af hverju?



Umræðan



Mannréttindi

- Þau réttindi sem okkur eru nauðsynleg til að lifa sem manneskjur
- Vernd gegn ofbeldi í hvaða mynd sem er
- Alþjóðleg

Skilningur á mannréttindum

- Skilningur á mannréttindum er þáttur í borgaravitund fólks.
- Borgari samfélagi með þeim lýðréttindum, skyldum og ábyrgð sem það felur í sér.
- Lögð áhersla á að víkka út hugtakið.
- Alþjóðleg borgaravitund með hliðsjón af Mannréttindayfirlýsingu SÞ.

Markmið

- Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á viðhorf 14 og 18 ára ungmenna til réttinda innflytjenda og móttöku flóttamanna sem flýja stríð eða ofsóknir í heimalandi sínu
- Einnig athugað hvort réttlætiskennd ungmennanna tengist viðhorfum þeirra

Viðhorfsspurningar

- Spurningar sem mældu viðhorf til réttinda innflytjenda voru sjö talsins. Dæmi:
 - „Innflytjendur ættu að hafa tækifæri til að halda áfram að tala upprunamál sitt utan heimilis síns“
 - „Innflytjendur sem hafa búið hérlendis í nokkur ár ættu að eiga rétt á því að kjósa í kosningum“
 - „Innflytjendur ættu ekki að hafa tækifæri til að viðhalda upprunalegum siðum sínum og lífsstíl“
- Viðhorf til móttöku flóttamanna var mælt með eftirfarandi spurningu:
 - „Öll lönd ættu að taka á móti flóttamönnum sem flýja stríð eða ofsóknir í heimalandi sínu“.

Mælingin réttlætiskennnd

- Samanstendur af sex spurningum:
 - 1) „Ég kemst í uppnám yfir því sem kemur fram í fréttum“
 - 2) „Ég verð reið(ur) þegar ég hugsa um þær aðstæður sem sumir lifa við“
 - 3) „Ég verð reið(ur) þegar ég heyri um fólk sem hefur verið beitt óréttlæti“
 - 4) „Mér finnst mikilvægt að mótmæla því sem þarfnast breytinga í samfélaginu“
 - 5) „Ég vil berjast gegn óréttlæti í samfélagi mínu“
 - 6) „Ég vil berjast gegn óréttlæti í skólanum mínum“
- Svarmöguleikar voru á bilinu 1 („mjög ósammála“) til 4 („mjög sammála“)

Niðurstöður úr spurningalistum

- Ungmennin voru að mestu jákvæð
- Frá 69% til 94% þeirra voru sammála því að innflytjendur ættu að hafa ýmis tækifæri og réttindi í þjóðfélaginu

Niðurstöður úr spurningalistum (dæmi)

	14 ára	18 ára
■ Innflytjendur ættu ekki að hafa tækifæri til að halda áfram að tala upprunamál sitt utan heimilis síns		
■ Ósammála	78%	69%
■ Sammála	22%	31%
■ Börn innflytjenda ættu að hafa sömu réttindi til menntunar og önnur börn		
■ Ósammála	15%	6%
■ Sammála	85%	94%

Bakgrunnsbreytur

- Stúlkurnar höfðu almennt jákvæðara viðhorf til réttinda innflytjenda en piltar
- 18 ára ungmennin voru jákvæðari gagnvart réttindum innflytjenda en þau 14 ára
- Aldursmunurinn var þó ólíkur eftir kyni þátttakenda

Réttlætiskennd

- Sterk réttlætiskennd ungmenna tengdist jákvæðum viðhorfum þeirra til réttinda innflytjenda
- Þar að auki mældist minni kynjamunur, á viðhorfum ungmennanna til réttinda innflytjenda, milli þeirra einstaklinga sem höfðu ríka réttlætiskennd
- Bendir til að eftir því sem réttlætiskennd ungmenna er meiri því minna máli skiptir kyn ungmennanna

Niðurstöður úr viðtölum

- Rauði þráðurinn í gegnum viðtölin var áhersla ungmennanna á *tækifæri* innflytjenda í *nýju landi*
- Meginþemu:
 - *Íslenskukunnátta*; lykill að þátttöku og tækifærum í samfélaginu
 - *Jöfn réttindi* innflytjenda á við aðra samfélagsþegna
 - *Fordómar* sem hindrun að tækifærum í nýju landi

Íslenskukunnátta

- Íslenskan gerir fólki erfitt fyrir við að nýta þau tækifæri sem bjóðast í nýjum heimkynnum.
- Piltur, 15 ára: „Fólk missir af svo miklu með því að kunna ekki íslensku almennilega.“

Jöfn réttindi á við aðra í samfélaginu

- Stúlka, 19 ára: „Við myndum líka alveg vilja hafa áhrif ef við myndum flytja eitthvað út.“
- Piltur, 15 ára: „Ef ein stelpa, sem er jafn gömul mér, og foreldrar hennar flytja hingað og síðan myndu mínir foreldrar fá að kjósa um allt en ekki hennar; það væri bara ekki réttlátt.“

Jöfn réttindi á við aðra í samfélaginu

- Stúlka, 15 ára: „Mér finnst allt í lagi að þau geti talað upprunatungumálið sitt. Ef ég myndi flytja til Bandaríkjanna og væri að tala ensku allan daginn, myndi ég líka vilja tala íslensku. Af því þetta er tungumálið mitt. Ég er frá Íslandi og ég ætla bara alltaf að kunna þetta tungumál. Ég held það sé mikilvægt fyrir þau svona af tilfinningalegum ástæðum.“

Jöfn réttindi á við aðra í samfélaginu

- Piltur, 19 ára: „Þetta er bara það sem gerir mann að því sem maður er.“
- Piltur, 15 ára: „Af því að það er bara hluti af þeim, þessi kunnátta að geta talað þetta tungumál. Þegar það fer þá missir það eiginlega hluta af sjálfum sér, það gleymir hvernig á að tala tungumálið og þá geta þau kannski ekki talað við ættingja og vini, þannig að þá hverfur hluti af þeim.“

Jöfn réttindi á við aðra í samfélaginu

- Stúlka, 19 ára: „Þetta er bara ákveðið frelsi fyrir þau og mannréttindi.“
- Stúlka, 15 ára: „Muna hvaðan maður er kominn og svona hver maður er því ég held að það hjálpi manni þó að maður sé á nýjum stað“.

Áhrif fordóma

- Stúlka, 19 ára: „Hér eru svo rosalega miklir fordómar og margir eru rosalega grófir í því að alhæfa allt yfir alla.“
- Piltur, 19 ára: „Kannski er einhver hræddur við að fá þá hingað eða finnst sér vera ógnað eða eitthvað.“
- Piltur, 15 ára: „Ég held að það sé alveg rosalega mikið kynþáttahatur í þessu landi. Ég held að fólk sé bara hrætt og búið að horfa á alltof mikið af myndum og þess vegna segir það bara innflytjandi = slæmt.“

Áhrif fordóma

- Stúlka, 15 ára: „Það líður öllum illa þegar það er ekki velkomið einhvers staðar og þegar verið er að tala um mann. Við höfum öll tilfinningar.“
- Piltur, 19 ára: „Ég þekki fullt af fólki sem myndi ekki vilja hafa innflytjendur hér og segja þá taka störf og eitthvað svona kjaftæði. En það er bara áður en maður eignast vin frá Arabíu eða eitthvað. Þá eru þeir ekki eins fjarri manni, eða þá er enginn fjarri manni. Við erum náttúrulega eitt hérna. Það eru ekki þeir, það eru bara við. Því fyrr sem fólk áttar sig á að það eru ekki þeir, það eru bara við, því betra.“

Við og hinir

Fimm ungmenni tala um fólk af erlendum uppruna sem „þau“ og um meirihlutann sem „við“ (ekki bar á slíku orðalagi hjá hinum ungmennunum):

- Piltur, 19 ára: „Ef einhver er að koma hingað þá finnst mér að hann eigi ekki að vera reyna að breyta einhverju sem er hjá okkur. Af því að þetta er bara okkar land og mér finnst bara að það eigi að halda áfram þeirri menningu sem við erum með. Ekki láta einhverja aðra breyta sem flytja inn í landið.“
- 15 ára stúlku fannst að innflytjendur ættu ekki að fá að kjósa þar sem Ísland sé „okkar land“ að þá ættum „við bara að fá að kjósa okkar ríkisstjórn“

Ótti og andstaða við breytingar

- Piltur , 19 ára: „Þegar þú flytur inn í nýtt land, þá finnst mér að þú eigir að taka upp þá menningu sem er í því landi.“
- Stúlka, 19 ára: „Íslendingar eru langflestir kristnir og mér finnst við eiginlega bara eiga að vera kristin þjóð. Mér finnst bara ekki að það ætti að byggja kirkjur út um allt með ýmsum trúum. Mér finnst bara að það eigi að vera okkar kirkjur.“

Hvað er að vera Íslendingur?

- Ungmennin fimm töluðu meira en hin ungmennin um „hvað er að vera Íslendingur“:
 - Stúlka, 19 ára: „Af því að mér finnst bara að Íslendingar eigi að kjósa í svona stjórnir. Þeir sem eru hluti af þjóðinni eiga að kjósa þá sem eru hæfir til að stjórna landinu.“
 - Stúlka, 19 ára: „Þú ert bara útlendingur hérna, þú ert bara búinn að búa hérna - þá ertu bara útlendingur á Íslandi. Þú getur alltaf farið.“

Viðhorf til móttöku flóttamanna – niðurstöður spurningalista

- Meirihluti ungmennanna, eða um 75% þeirra, var sammála eða frekar sammála því að öll ríki heims eigi að taka á móti flóttamönnum sem flýja stríð eða ofsóknir í heimalandi sínu;
 - Af þeim voru 40% mjög sammála
- 16% voru „frekar ósammála“ og 8% „mjög ósammála“

Viðhorf til móttöku flóttamanna – niðurstöður spurningalista

- Stúlkur höfðu jákvæðara viðhorf til móttöku flóttamanna en piltar
- Yngri aldurshópurinn að jafnaði jákvæðara viðhorf til móttöku flóttafólks en sá eldri
- Þau ungmenni sem bjuggu yfir hárrí réttlætiskennd sýndu jákvæðari viðhorf til móttöku flóttamanna miðað við önnur

Niðurstöður úr viðtölum

Meginþemu:

- Mannréttindi flóttafólks
- Siðgæði og hjálpsemi

Viðhorf til móttöku flóttafólks

- Stúlka, 15 ára: “Stríð eru oftast út frá svona pólitískum ástæðum og einhverju ósætti milli landa og þá er eiginlega öllum sama um fólkið. Fólkið bara er þarna og deyr og það skiptir engu máli af því þetta er stríð og við ætlum að vinna stríðið. „
- „Þannig að mér finnst að allir flóttamenn ættu að geta fengið að flýja til öruggra staða þar sem þeir eru öruggir. Af því við höfum öll rétt á því að vera örugg og hafa húsaskjól. Af því við erum öll mannleg.“

Mannréttindi flóttafólks

Stúlka, 19 ára:

- „Þetta er náttúrulega ekkert umhverfi til að búa í þar sem er svona stríð og eitthvað. Maður þorir ekkert að senda barnið sitt í skóla af ótta við að það yrði sprengjuárás. Þannig að mér finnst að það ætti að fá tækifæri til að vera í öruggu umhverfi. Það er eiginlega bara grundvöllur í þarfapýramídanum hjá manneskju. Ef maður finnur ekki fyrir öryggi þá hrynur allt annað.“

Mannréttindi og hjálpsemi

Piltur, 19 ára:

- „Af því þau eru ekki að fá þau mannréttindi sem þau ættu að fá. Þá finnst mér að einhver ætti að hjálpa. Af því að það er mikilvægt að allir fái sín mannréttindi sem þeir ættu að hafa. Bara svo þau geti lifað sem bestu lífi.“

Hjálpsemi fyrir þann sem hjálpar

- Stúlka, 19 ára: „Af því mér finnst bara skipta máli að leyfa þessu fólki að lifa, það myndi bara deyja heima hjá sér. Bara geta haft það á samviskunni að við tókum við fólki og það er fólk sem að náði að flýja og lifa betra lífi.“
- Stúlka, 15 ára: „Það er alltaf gott að hjálpa. Manni líður vel ef maður hjálpar og ég held að Íslendingum myndi bara líða vel með að hafa hjálpað fólki sem þurfti hjálp.“

Hjálpsemi og siðgæði

- Piltur, 15 ára: „Mér finnst alveg sjálfsagt að hjálpa þeim sem minna mega sín í samfélaginu.“
- Piltur, 19 ára: „Að allir fái þau mannréttindi sem þeir ættu að hafa svo að þeir geti lifað sem bestu lífi.“
- Piltur, 15 ára: „Þetta er bara það mannlega að gera, þú veist, annars væri það bara siðlaust því þú ert að leyfa manneskjunni að deyja eða vera ráðist á eða pyntaður og ég meina og það er bara ekkert rétt.“

Hjálpsemi

- Stúlka, 19 ára: „Óbreyttir borgarar sem fara með barnið sitt í leikskóla og síðan lendir sprengja á þeim og þau deyja; út af engu. Þannig, mér finnst að við ættum að hjálpa til.“
- Piltur, 15 ára: „Bara upp á hjálpsemina, því að ef fólk hjálpast að verður betra að [lifa] lífinu. Þá sér fólk að það er ekkert öllum sama.“

Hjálpsemi í hinu víða samhengi

- Piltur 15 ára: „Að sjá að það [flóttafólk] er hluti af jörðinni. Það eru allir lítill hluti og það skipta allir jafn miklu máli.“



Niðurstöður

- Aukinn skilningur á hugsun barna og ungmenna leggur mikilvægan grunn að því að efla borgaravitund þeirra og mannréttindahugsun.
- Mikilvægt að efla trú ungmenna á að þau geti haft áhrif, t.d. í mannréttindabaráttu, með því að fræða þau um ábyrgð hvers og eins.
- Mikilvægt hlutverk heimilis, skóla, frístundaheimila og félagasamtaka eins og RKÍ.

Lokaorð



Smellið á myndina til að setja vídeó-ið í gang

Takk fyrir áheyrnina

